

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 246/2017

2019/EES/80/38

frá 15. desember 2017

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1442 frá 31. júlí 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna stórra brennsluvera ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1fp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/902) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1fq. **32017 D 1442**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1442 frá 31. júlí 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna stórra brennsluvera (Stjtið. ESB L 212, 17.8.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/1442, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.a

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 17.8. 2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.